

# Fréttabréf

## Hörgárbyggðar

6. tbl., 8. árg., 19. apríl 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

### Vígsla sparkvallarins við Þelamerkurskóla verður 25. apríl nk., kl. 13:15

Nánari upplýsingar á heimasíðu Hörgárbyggðar og í dreifimiða frá skólanum eftir helgi. Allir velkomnir.

### Söfnun ónýtra hjólbarða verður 5. maí nk.

Óskað er eftir að tímanlega þann dag verði allir hjólbarðar, sem hafa lokið hlutverki sínu, settir á áberandi stað nálægt vegi, þar sem auðvelt er fyrir kranabíl að ná þeim.

Skv. lögum er bannað að urða gúmmí og því má ekki setja hjólbarða í kör og gáma fyrir almennan úrgang.

### Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti) er 13. maí 2008

### Næsti fundur sveitarstjórnar verður 14. maí 2008 sem er viku fyrr en hefðbundið er

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 12. maí og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

### Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21 ([www.samband.is/Dagskra21](http://www.samband.is/Dagskra21))

Á síðasta ári keyptu Danir "réttlætismerktar" vörur fyrir um 294 millj. DKK (tæpl. 4,7 milljarða ísl. kr.). Þetta er 70% aukning frá árinu áður! Söluaukningin varð þó enn meiri í Noregi og Svíþjóð. Í Noregi jókst salan um 110% milli ára og um 165% í Svíþjóð! Um "réttlætismerktar vörur" má lesa á [www.maxhavelaar.dk](http://www.maxhavelaar.dk).

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 16. apríl 2008)

### Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: [horgarbyggd@horgarbyggd.is](mailto:horgarbyggd@horgarbyggd.is).

Veffang: [www.horgarbyggd.is](http://www.horgarbyggd.is)

# Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

## **Fundur nr. 114** 16. apríl 2008

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

### **1. Skólaakstur 2008-2010, opnun tilboða**

Eftirtaldir aðilar gerðu tilboð í neðangreindar leiðir:

**Leið 1:** Búðarnes-Barká-Langahlíð-Þelamerkurskóli 11 sæti 44 km/ferð

Sigurður Skúlason	kr. 215 á km	Bílar og fólk ehf.	kr. 293 á km
Sportrútan ehf.	kr. 180 á km		

Samþykkt var að ganga til samninga við Sigurð Skúlason á leið 1.

**Leið 2:** Skriða-Tréstaðir-Þelamerkurskóli 18 sæti 26 km/ferð

Fjallatrúkkar ehf.	kr. 338 á km	Klængur Stefánsson	kr. 285 á km
Fjallatrúkkar ehf.	kr. 348 á km	Bílar og fólk ehf.	kr. 367 á km
SBA-Norðurléið hf.	kr. 300 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 349 á km
Sportrútan ehf.	kr. 198 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 340 á km

Samþykkt að ganga til samninga við Sportrútuna ehf. á leið 2.

**Leið 3:** Auðnir-Þelamerkurskóli (um Þelamerkurveg) 12 sæti 39 km/ferð

Fjallatrúkkar ehf.	kr. 240 á km	Sigurður B. Gíslason	kr. 175 á km
Fjallatrúkkar ehf.	kr. 249 á km	Sportrútan ehf.	kr. 180 á km
SBA-Norðurléið hf.	kr. 250 á km	Klængur Stefánsson	kr. 240 á km
Sigurður B. Gíslason	kr. 250 á km	Bílar og fólk ehf.	kr. 293 á km
Sigurður B. Gíslason	kr. 200 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 259 á km
Sigurður B. Gíslason	kr. 188 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 250 á km

Samþykkt að ganga til samninga við Sigurð B. Gíslason á leið 3.

**Leið 4:** Lónsbakki-Þitra-Þelamerkurskóli 30 sæti 26 km/ferð

Fjallatrúkkar ehf.	kr. 338 á km	Klængur Stefánsson	kr. 318 á km
Fjallatrúkkar ehf.	kr. 348 á km	Bílar og fólk ehf.	kr. 381 á km
SBA-Norðurléið hf.	kr. 325 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 349 á km
Sportrútan ehf.	kr. 280 á km	Torfi Þórarinnsson	kr. 340 á km

Samþykkt að ganga til samninga við Klæng Stefánsson á leið 4.

Sveitarstjóra og oddvita falið að ganga frá samningum vegna skólaaksturs.

### **2. Ársreikningar Hörgárbyggðar, Þelamerkurskóla og Íþróttamiðstöðvarinnar á Þelamörk fyrir árið 2007, fyrri umræða**

Rekstrartekjur Hörgárbyggðar 2007 voru 256,5 millj. og rekstrargjöld 190,0 millj. með afskriftum og fjármagnsliðum. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins var því jákvæð upp á 66,5 millj. og handbært fé í árslok var 56,5 millj., þar af var söluhagnaður eigna kr. 43,6 millj. Rekstrargjöld Þelamerkurskóla umfram tekjur voru 112,8 millj. Rekstrartekjur Íþróttamiðstöðvarinnar námu 18,2 milljónum og rekstrargjöld voru 26,1 millj.

Arnar Árnason endurskoðandi fór yfir ársreikningana með fundarmönnum og svaraði fyrirspurnum. Ársreikningunum var síðan vísað til síðari umræðu.

### **3. Moldhaugar, landskipti**

Bréf, dags. 9. apríl 2008, frá þresti Þorsteinssyni, þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á fyrirhugaðri skiptingu jarðarinnar Moldhauga í tvo hluta. Óskin er komin fram í samræmi við 13. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Lagður fram uppdráttur sem sýnir mörk fyrirhugaðrar skiptingar, sem felst í því að 32,3 ha eru teknir undan jörðinni. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti umbeðna skiptingu á landi Moldhauga.

### **4. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 8. apríl 2008**

Fundargerðin er í þremur liðum. Meginefni hennar fjallar um tölvubríf, dags. 27. mars 2008, frá Þór Konráðssyni, þar sem óskað er eftir leyfi til að opna gamla grjótnámu í landi Moldhauga til að gera prófanir á því bergi sem þar er með tilliti til efnistöku, fyrir afleggjara frá Hringvegi að svæðinu og leyfi fyrir vegi í væntanlegu vegarstæði upp að Litla-Hnjúk. Lögð fram yfirlýsing Skútabergs ehf., sem bréfitari er meðeigandi að, og landeiganda Moldhauga

um kaup á landspildu úr landi Moldhauga. Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti fyrir sitt leyti fyrstnefnda atriðið, en að frekari gögn þurfi að liggja fyrir áður en afstaða er tekin til síðari atriðanna tveggja.

Undir lið 3 er bréf, dags. 31. mars 2008, um ársfund Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga sem verður 8. maí nk. Þar er lagt til að sveitarstjóri sitji ársfundinn f.h. Hörgárbyggðar.

Sveitarstjórn samþykkti bókun skipulags- og umhverfisnefndar um leyfi til að gera prófanir á bergi í landi Moldhauga með þeim takmörkunum að leyfið gildi ekki lengur en til 1. sept. 2008 og að það efnismagn sem er losað, verði ekki meira en 15 þúsund m<sup>3</sup>. Varðandi afleggjara frá Hringvegi að svæðinu samþykkti sveitarstjórn að leita eftir samþykki Vegagerðarinnar fyrir bráða-birgðavegtengingu á umbeðnum stað vegna framangreindra prófana á bergi á svæðinu. Vegna umsóknarinnar um þessi atriði, og upplýsinga sem koma fram á uppdrætti sem henni fylgdi, samþykkti sveitarstjórn að á aðalskipulagstillögu sveitarfélagsins verði gert ráð fyrir efnistökusvæði og athafnasvæði á því svæði sem hér um ræðir, sbr. þau drög sem kynnt voru á fundi um aðalskipulagið 2. apríl 2008.

Fundargerðin að öðru leyti afgreidd án athugasemda.

#### **5. Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026, auglýsing á tillögu**

Tillaga að aðalskipulaginu, bæði skipulagsuppdrátturinn og greinargerðin, var kynnt á almennum fundi 2. apríl 2008 sbr. ákvörðun sveitarstjórnar 19. mars 2008. Með þeim fundi telst lokið kynningu á aðalskipulagstillögunni, sbr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Eftir umræður var málinu frestað til næsta fundar.

#### **6. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, 2. apríl 2008**

Fundargerðin er í þrettán liðum, enginn þeirra varðar Hörgárbyggð með beinum hætti. Fundargerðin afgreidd án athugasemda.

#### **7. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar, 5. mars 2008**

Fundargerðin er í átta liðum, ásamt kostnaðarskipting milli aðildarsveitarfélaga skólans fyrir vorið 2008. Framlag Hörgárbyggðar pr. mánuð verður kr. 483.691 og er það 7,27% hækkun. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

#### **8. Óbyggðanefnd, þjóðlendumál**

Bréf, dags. 26. mars 2008, frá óbyggðanefnd, þar sem gerð er grein fyrir kröfum ríkisins um þjóðlendir í austanverðri Hörgárbyggð og víðar. Hörgárbyggð er eigandi eftirtalinnna jarða sem þjóðlendukrafa er gerð í: Vaskárdalur (50%), Almennigur og Bakkasel. Samþykkt var að óska eftir því við Ólaf Björnsson hrl. að hann taki að sér nauðsynlega hagsmunagæslu vegna þessara jarða.

#### **9. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags**

Lögð fram umsókn, dags. 11. apríl 2008, um námsvist næsta skólaár fyrir barn úr Hörgárbyggð í Giljaskóla á Akureyri. Einnig var lagt fram minnisblað, dags. 16. apríl 2008, frá skólastjóra Þelamerkurskóla um umsóknina. Erindið samþykkt fyrir skólaárið 2008-2009.

#### **10. Almenningsamgöngur í Eyjafirði**

Bréf, dags. 25. mars 2008, frá Héraðsnefnd Eyjafjarðar, þar sem gerð er grein fyrir vinnu starfshóps um almenningsamgöngur í Eyjafirði. Einnig fylgir eyðublað fyrir umboð til Héraðsnefndarinnar um að sækja, fyrir hönd sveitarfélaganna, um sérleyfi til fólksflutninga á leiðunum Akureyri-Dalvík og Dalvík-Ólafsfjörður. Sveitarstjóra falið að undirrita umboðið.

#### **11. Lækjarvellir, samningur um óson-hreinsun seyruvatns**

Lögð fram drög að samningi, dags. 11. apríl 2008, milli Hörgárbyggðar og Raf ehf. um óson-hreinsun frá væntanlegri rotþróun við Lækjarvelli. Um er að ræða samskonar samning og afgreiddur var á síðasta fundi

Framhald á næstu síðu

Úr fundargerð sveitarstjórnar 16. apríl 2008

sveitarstjórnar vegna rotþróar Lónsbakka. Þessi samningur er til kominn vegna þess að ljós hefur komið að mjög grunnt er á klöpp þar sem siturlagnir og síubeð fyrir rotþró Lækjarvalla á að vera og því mjög kostnaðarsamt að koma slíku fyrir. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við Raf ehf. á grundvelli framlagðra samningsdraga.

**12. Landgræðsla ríkisins, samráð um héraðsáætlanir**

Bréf, dags. 25. mars 2008, frá Landgræðslu ríkisins um kynningu á héraðsáætlunum Landgræðslunnar og tilnefningu tengiliðs um málið. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.

**13. Landgræðsla ríkisins, beiðni um styrk**

Bréf, dags. 7. apríl 2008, frá Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir styrk vegna samstarfsverkefnisins "Bændur græða landið" (BGL), að fjárhæð kr. 18.000. Erindið samþykkt.

**14. Skólahreysti 2008, umsókn um styrk**

Meðf. er bréf, dags. í mars 2008, frá Icefitness ehf., þar sem óskað er eftir fjárhagslegum stuðningi að fjárhæð kr. 50.000.

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með framtak Icefitness ehf. til eflingar á áhuga ungmenna til íþróttaiðkunar og samþykkir því erindið.

**15. Bægisárkirkja, beiðni um fjárframlag**

Bréf, dags. 11. apríl 2008, frá sóknarnefnd Möðruvallaklausturssóknar um fjárstuðning við endurnýjun girðingar og lagfæringu bílastæðis við Bægisárkirkju. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið en kostnaðaráætlun verður að liggja fyrir áður en endanleg ákvörðun verður tekin um fjárframlag.

**16. Blómsturvellir, hávaða- og rykmengun vegna efnislosunar**

Bréf dags. 8. apríl 2008, frá Kristjáni Stefánssyni um vegaskemmdir, hávaða- og rykmengun frá efnislosun í landi Blómsturvalla. Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum bréfitara áfram til þeirra aðila hjá Akureyrarbæ sem málið varðar.

**17. Barnavernd, framkvæmdáætlun**

Bréf dags. 10. apríl 2008, frá barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, um stefnu og framkvæmdáætlun á sviði barnaverndar. Bréfinu fylgir slík áætlun fyrir svæði nefndarinnar fyrir tímabilið 2006-2010, til kynningar og staðfestingar. Sveitarstjórn staðfesti áætlunina fyrir sitt leyti.

**18. Alþingi, frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna**

Bréf dags. 10. apríl 2008, frá Alþingi, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Frumvarpið gerir ráð m.a. fyrir að brunabótamatsgjald sem húseigendur greiða falli niður, en að sveitarfélög eigi hlut að rekstrarkostnaði "Fasteignaskrár Íslands" sem er nýtt heiti á Fasteignamati ríkisins og tengist breyttu hlutverki þeirrar stofnunar. Lagt fram til kynningar.

**19. Hörgárdalsvegur, umsögn um mat á umhverfisáhrifum**

Bréf, dags. 29. febrúar 2008, frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað eftir umsögn um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdir við Hörgárdalsveg skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Eftirfarandi bókun var samþykkt:

*Sveitarstjórn Hörgárbyggðar telur að ekki séu forsendur fyrir því að fyrirhugaðar framkvæmdir á Hörgárdalsvegi sumarið 2008 skuli háðar mati á umhverfisáhrifum skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/200 m.s.b.*

**20. Flokkun Eyjafjörður ehf., aðalfundur**

Bréf, dags. 16. apríl 2008, frá Flokkun Eyjafjörður ehf., þar sem boðað er til aðalfundar félagsins 30. apríl 2008. Sveitarstjóri fer sem aðalmaður og oddviti til vara.